

## 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur arðvænlegast hverju sinni. Peningar og önnur verðmæti sjóðsins skulu vera geymd í viðurkenndri peningastofnun. Sjóðinn skal efla:

- a. Með árlegum vöxtum hans sjálfs.
- b. Með gjöfum og áheitum.
- c. Með ýmsum tekjum.

## 5. gr.

Eigi má skerða upphaflegan höfuðstól sjóðsins.

## 6. gr.

Afmælisdagur gefandans (28. nóv.) skal vera „Dagur sjóðsins“. Skal þá veita úr honum, eftir tillögum sjóðsstjórnar. Einnig er æskilegt, að hann sé öðrum dögum fremri til tekna fyrir sjóðinn.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa, sem og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Endurskoðendur sjóðsins eru þeir sömu og Skálatúnshéimilisins.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjóðsstjórn sé því samþykkt.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 28. nóvember 1963.

Efnalaugin Björg.

Magnús Kristinsson.

Ragnheiður Guðmundsdóttir.

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

## 1. gr.

79. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjöl-breyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 6.00 til kl. 23.30, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar og þar fari ekki fram sala sælgætis. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kr. 23.30, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann

tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar, svo og 77. og 78. gr., taka til knattborðs-stofa eftir því sem við á.

Um lokunartíma veitingastaða, þar sem sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga er ekki meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar, fer eftir samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## S A M Þ Y K K T

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Árnæssýslu, nr. 134 10. júlí 1939.

1. gr.

80. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Börn 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum veitingastöðum, dansstöðum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með forráðamönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

Lögreglan getur bannað börnum og unglingum umferð og veru á tilteknum svæðum, þegar hún telur til þess ástæðu, til öryggis.

Foreldrar eða forráðamönnum barna bera á byrgð á því, að fyrirmælum þessarar greinar sé framfylgt og hlýtt, að viðlögðum sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.